

Til innflytjenda og framleiðenda áburðar.

Hér á eftir eru dregin saman nokkur atriði úr reglugerðum nr.630/2007 og 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem hafa þarf í huga þegar fyrirhugaður er innflutningur eða framleiðsla á áburði og jarðvegsbætandi efnum.

Skráning

Allir sem flytja inn eða framleiða áburð og jarðvegsbætandi efni eiga að tilkynna það til Matvælastofnunar. Auk þess skulu vörur sem falla undir reglugerðina skráðar áður en kynning, dreifing og sala hefst. Þær upplýsingar sem gefa þarf eru:

Vöruflokkur og vörutegund (t.d. áburður, jarðvegsbætandi efni), vörulýsing og verslunarheiti.

Nánari upplýsingar um innihald vörunnar af virkum efnum, efnasamböndum og annað sem hefur þýðingu fyrir mat á eiginleikum vörunnar.

Fyrir innlendar vörur sem innihalda húsdýraáburð, seyru, lífrænan úrgang eða sambærileg efni þarf að lýsa sóttþreinsun. Skv. reglugerð nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er innflutningur slíkra efna bannaður.

Upplýsingar um merkingu á umbúðum, miðum eða fylgiseðlum.

Allar breytingar á áður gefnum upplýsingum skal tilkynna Matvælastofnun eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 3 vikum áður en sala hinnar breyttu vöru hefst.

Kadmíum

Fyrir ólífrænan áburð sem inniheldur fosfór þarf að leggja fram yfirlýsingu um kadmíuminnihald áður en sala hefst og skal eftirfarandi koma fram í henni:

a. Lýsing á viðkomandi áburðarsendingu (við innflutning: vörutegund og stærð sendingar; við framleiðslu á Íslandi: vörutegund og framleiðslutímabil).

b. Staðfesting á að áburðurinn innihaldi minna en 50 mg kadmíum (Cd) pr. kg. fosfór (P).

c. Undirskrift frá framleiðanda eða þeim aðila sem ber ábyrgð á dreifingu og sölu á áburðinum.

Við innflutning skal samskonar yfirlýsing fylgja tollskjölum hvernar einstakrar vörusendingar.

Á a.m.k. sex mánaða fresti skal Matvælastofnun fengin samskonar yfirlýsing vegna héraðsframleiðslu. Yfirlýsing þessi skal fylgja á öllum heildsölustigum og hefur kaupandi rétt á að sjá hana. Matvælastofnun getur gert kröfu um nánari staðfestingu á að viðkomandi yfirlýsing sé rétt.

Merkingar

Allar vörur sem reglugerðin nær yfir skulu vera greinilega merktar með vörulýsingu á umbúðum eða fylgimiða. Þær upplýsingar sem krafist er í reglugerðinni eru:

a. Vörulýsing (auðkenni) sbr. skilgreiningu í 12. gr. reglugerðarinnar

b. Aðrar upplýsingar sem heimilaðar hafa verið skv. reglugerðinni.

c. Vörumerki framleiðandans og venjulegt verslunarheiti vörunnar.

d. Sérstakar upplýsingar um notkun, geymslu og meðhöndlun vörunnar.

Merkingar og texti á hugsanlegum fylgiseðlum eiga að vera á íslensku. Ef merking á umbúðum er ekki á íslensku skal tryggja kaupanda tilsvarende upplýsingar á fylgiseðli á íslensku. Fylgiseðlar með lausri vöru skulu alltaf vera á íslensku.

Næringarefni á alltaf að telja í eftirfarandi röð: köfnunarefni (N), fosfór (P og/eða P_2O_5), kalí (K og/eða K_2O), kalk (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brenni-steinn (S), bór (B), kóbolt (Co), kobar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn). Innihald næringarefnanna á að gefa upp á grundvelli frumefnis og skal alltaf gefa upp magn frumefnis og efnafræðiheiti. Óheimilt er að gefa upp innihald af óskil-greindum næringarefnum.

Áburðarvökvi

Áburðarvökva má ekki bjóða eða selja nema að honum fylgi viðeigandi leiðbeiningar, sem m.a. veita upplýsingar um geymsluhita og hvernig hindra megí hugsanlegt tjón við geymslu. Í vörulýsingu með áburðarvökva má gefa upp magn næringarefna í þunga á hverja rúmeiningu (kg/hl eða g/l) til viðbótar við innihald tilgreint sem þungaprósenta. Í vörulýsingu skal tilgreina þunga fljótandi áburðar. Heimilt er að tilgreina rúmtak.

Þóknun

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Matvælastofnunar samkvæmt reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,1% af innflutningsverði (cif) vöru sem reglugerðin gildir um sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,1% af söluverði (án vsk.) innlendarar vöru, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, sem Aðfangaeftirlíðið sendir þeim að kostnaðarlausu. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars og 1. október ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.